FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Enska 3 - Ritun, orðaforði, bókmenntir og menning
Námsgrein:	enska
Viðfangsefni:	Ritun, bókmenntir, menning, orðaforði
Skammstöfun:	ENSK3RO05
Þrep:	3
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Aðaláhersla lögð á fræðilegan orðaforða og notkun hans. Unnið mjög markvisst með ritað mál, uppsetningu, orðaforða og málfar. Fjallað um bókmenntir, stefnur og stíl. Einnig verður lögð áhersla á munnlega þjálfun.
Forkröfur:	ENSK2LS05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • helstu menningarsvæðum þar sem enska er notuð sem móðurmál eða fyrsta mál • bæði á fræðilegum og þverfaglegum orðaforða til markvissrar notkunar í námi • mismunandi afstöðu og túlkun bókmenntahöfunda • dýpri merkingu texta
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • greina og skilja málfarsmun á mismunandi málsvæðum og við mismunandi aðstæður • lesa margs konar texta, bæði fræðilega og bókmenntalega • tjá sig skýrt, munnlega og skriflega um málefni sem hann hefur kynnt sér
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni • taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara gagnrökum á viðeigandi hátt • eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum • tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt fyrir áheyrendum • skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunaraðferðum sem við eiga
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.